


Hjúkrunarrými á Íslandi – biðlistar og biðtími

Samantekt á fyrri hluta ársins 2019

Embætti landlæknis ber lögum samkvæmt að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Hluti af því eftirliti er fólgið í reglulegum athugunum á bið eftir ýmiss konar heilbrigðisþjónustu. Í þessari samantekt hafa tölur um bið eftir varanlegri búsetu í hjúkrunarrými og tölur um þá sem fengu úthlutun á fyrri hluta ársins 2019 verið teknar saman.


Þegar biðlisti eftir hjúkrunarrými er skoðaður eftir ársfjórðungum má sjá að biðlisti hefur lengst umtalsvert frá árinu 2014 og náði hámarki í lok árs 2018 en hefur heldur styst það sem af er ári. Einkum fjölgaði í hópi þeirra sem höfðu beðið lengur en 90 daga á tilgreindum tímamörktum. Á öðrum ársfjórðungi ársins 2019 voru að meðaltali 375 á biðlista.



Mynd A. Meðalfjöldi á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými á hverjum ársfjórðungi. Blái hluti stöplanna sýnir meðalfjölda sem hafði beðið 90 daga eða skemur en grái hlutinn meðalfjölda sem hafði beðið lengur.

Fjöldi á biðlista segir aðeins hluta sögunnar og því ber að horfa á hve lengi fólk þarf að bíða eftir hjúkrunarrými til að meta aðgengi. Mynd B sýnir fjölda sem fékk hjúkrunarrými á hverjum ársfjórðungi frá 2014 til miðs árs 2019 og hve hátt hlutfall fólks þurfti að bíða lengur en 90 daga eftir rýminu.

Yfirlitt hefur flestum rýmum verið úthlutað á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019 fengu 273 einstaklingar hjúkrunarrými, fleiri en árin á undan. Af þeim biðu ríflega 50% lengur en 90 daga. Það hlutfall var innan við 20% á sama tímabili ársins 2014 og fór í fyrsta skipti yfir 50% á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019.



Mynd B. Fjöldi sem fékk varanlegt hjúkrunarrými og hlutfall sem beið lengur en 90 daga.

Lítill fjölgun varð á hjúkrunarrýmum á landsvísu á síðustu 10 árum. Árið 2017 fækkaði rýmum og ekkert hjúkrunarrými bættist við árið 2018. Á árinu 2019 hafa ný hjúkrunarrými hins vegar verið opnuð á [Seltjarnarnesi](#) og í [Hafnarfirði](#). Fjölgun á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu virðist þegar hafa haft jákvæð áhrif á fjölda á biðlista (sjá nánar í umfjöllun hér á eftir). Alls eru 790 hjúkrunarrými á framkvæmdaáætlun til ársins 2023, þar af er fjölgun um rúmlega 580 rými og endurbætur á yfir 200 rýmum.¹ Eins og áður hefur fram komið í samantektum embættisins varðandi bið eftir hjúkrunarrýmum er löng bið eftir þeim verulegt áhyggjuefni. Ein birtingarmynd þess er staðan á Landspítala en í árslok 2018 voru 22% af opnum rúmum á spítalanum notuð af einstaklingum með gilt færni- og heilsumat sem biðu úrræða utan spítalans. Jákvæð breyting varð á fyrri hluta ársins 2019 því sama hlutfall var 15% í [maí 2019](#).² Árið 2018 voru, að sögn forstjóra Sjúkrahúsins á Akureyri, að meðaltali 5% rúma á Sjúkrahúsini á Akureyri upptekin vegna einstaklinga sem lokið höfðu meðferð og biðu eftir öðru úrræði, t.d. endurhæfingu eða hjúkrunarrými. Eins og fjallað var um í [ársuppgjöri embættisins 2018](#) varðandi bið eftir hjúkrunarrými hefur bið aldraðra á bráðasjúkrahúsi neikvæð áhrif á heilsu þeirra, færni og lífsgæði. Þá er meðhöndlun fólks á röngu þjónustustigi léleg nýting á fjármagni. Í [minnisblaði](#) landlæknis til heilbrigðisráðherra frá 15. maí sl. varðandi liðskiptaaðgerðir og biðlistaátak er sérstaklega fjallað um áhrif útskriftarvanda á aðra starfsemi Landspítala. Í ábendingum til heilbrigðisráðuneytis var bent á að gera þyrfti Landspítala kleift að sinna lögboðnu hlutverki sínu, meðal annars með því að efla þjónustu við aldraða, svo sem með aukinni heimahjúkrun, dagþjónustu og heilsueflingu aldraðra, auk fjölgunar hjúkrunarrýma.

¹ Breytingar á fjölda hjúkrunarrýma má sjá í svari Svandísar Svavarsdóttur við fyrirspurn Þorsteins Víglundssonar í þingskjal nr. 980 á 149. lögjafarþingi 2018-2019 <https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0980.pdf>

² Starfsemisupplýsingar Landspítala. Maí 2019. Útgefandi: Fjármálasvið Landspítala. Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir.

Fjallað er sérstaklega um bið eftir hjúkrunarrými í hverju heilbrigðisumdæmi hér á eftir. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Toppnum virðist hafa verið náð hvað varðar fjölda á biðlista á höfuðborgarsvæðinu, eftir stöðuga fjölgun á biðlistum síðan 2014. Skoða þarf biðtíma nánar þegar árið verður gert upp í heild og áhrif opunar nýrra rýma verða hugsanlega sjáanleg.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými á Suðurnesjum hefur lækkað verulega á síðustu árum en vegna mikillar fjölgunar íbúa þarf að fylgjast vel með aðgengi.
- Á síðustu árum hefur aðgengi að hjúkrunarrýmum á Vesturlandi verið betra en víða annars staðar á landinu. Biðlistar hafa lengst umtalsvert frá árinu 2017 og því þarf að fylgjast vel með biðtíma.
- Á Vestfjörðum hefur hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga verið svipað og á landsvísu á síðustu árum.
- Það sem af er ári hafa heldur færri verið á biðlista að meðaltali en undanfarin 2 ár á Norðurlandi. Bið hefur verið lengst þar þrátt fyrir að fjöldi rýma sé hlutfallslega svipaður og í öðrum umdæmum.
- Aðgengi að varanlegu hjúkrunarrými á Austurlandi virðist betra en víða annars staðar á landinu.
- Aðgengi að hjúkrunarrými á Suðurlandi er sem stendur betra en víðast hvar.

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði


Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri úttekta á sviði eftirlits og gæða

Ólöf Elsa Björnsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs


Heilbrigðisumdæmi

Í árslok 2018 voru 2.582 almenn hjúkrunarrými³ á landinu. Það ár fluttust 874 einstaklingar á hjúkrunarheimili til varanlegrar dvalar, 335 karlar og 539 konur. Af þeim voru 29% karla og 17% kvenna yngri en 80 ára. Það sem af er árinu 2019 hafa að meðaltali 13 einstaklingar yngri en 60 ára verið á biðlista eftir hjúkrunarrými.



Íslandi er skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Mynd C sýnir fjölda hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa í umdæmunum, bæði miðað við 67 ára og eldri og 80 ára og eldri. Á myndinni sýnir blár punktur miðgildi biðtíma þeirra sem fengu úthlutun 2018. Ekki er að sjá að það sé línulegt samband á milli fjölda hjúkrunarrýma/1.000 íbúa og lengdar biðtíma. Miðgildi biðtíma var til að mynda 120 dagar á Norðurlandi en 52,5 dagar á Suðurlandi. Hlutfallslega mikill munur er á fjölda rýma á Suðurnesjum og Vesturlandi en tiltölulega lítill munur á miðgildi biðtíma (76 og 69 dagar).


Myndin sýnir að biðtími eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými er mislangur eftir heilbrigðisumdæmum og hlutfallslegur fjöldi hjúkrunarrýma ólíkur. Aðgengi að annarri þjónustu, t.d. heimahjúkrun eða dagþjálfun, getur verið afar ólíkt eftir búsetu. Þannig er líklegt að einstaklingur sem býr í fámenni þurfi að fá varanlega dvöl í hjúkrunarrými fyrr en einstaklingur með svipaða færni sem býr í fjölmennu samfélagi.




Mynd C. Fjöldi almennra hjúkrunarrýma í árslok 2018 á hverja 1.000 íbúa í heilbrigðisumdæminu og miðgildi biðtíma þeirra sem fengu hjúkrunarrými árið 2018.

³ Í þessari samantekt er átt við fjölda almennra hjúkrunarrýma þegar greint er frá fjölda hjúkrunarrýma. Til viðbótar við almenn hjúkrunarrými eru önnur hjúkrunarrými á landinu, t.d. sérhæfð geðhjúkrunarrými og rými ætluð fyrir endurhæfingu, eða samtals 2.708. Almenn hjúkrunarrými eru 95% allra rýma á landsvísu en í sumum umdæmum er hlutfallið lægra, einkum á Vesturlandi og Suðurlandi þar sem fjöldi geðhjúkrunarrýma er yfir 10% af fjölda rýma. Skiptingu rýma má sjá á [vef](#) heilbrigðisráðuneytis.


Höfuðborgarsvæði



Meðalfjöldi á biðlista það sem af er árinu 2019*⁴ var um tvöfalt meiri á höfuðborgarsvæðinu en árið 2014. Fjölgunin er meiri hjá konum en körlum. Í árslok 2018 voru 1.459 almenn hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi hjúkrunarrýma á hverja 1.000 eldri borgara var lágt á höfuðborgarsvæðinu miðað við önnur heilbrigðisumdæmi eins og sjá má á mynd C. Á árinu 2019 er hins vegar áætlað að hjúkrunarrýmum fjölgi um 140 í umdæminu og hafa þegar verið opnuð ný rými á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði.



Þegar biðlisti eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu er skoðaður eftir mánuðum frá árinu 2014 sést að það fjölgaði jafnt og þétt á biðlista fram til nóvember 2018. Síðan þá hefur fækkað á biðlista og er fjöldi sem beið að meðaltali í júlí 2019 svipaður og hann var í október 2017.




Tæplega 63% landsmanna sem hafa náð 67 ára aldri búa á höfuðborgarsvæðinu. Það er því viðbúið að tölur fyrir höfuðborgarsvæðið líkist talsvert tölum fyrir landið í heild þar sem hlutur umdæmisins er svo stór á landsvísu.

Um fjórðungur þeirra 482 sem fengu hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 beið lengur en 90 daga. Hlutfallið var 41% árið 2018. Það sem af er árinu 2019 hafa 406 einstaklingar fengið hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim biðu 223 eða 55% lengur en 90 daga. Miðgildi biðtíma þeirra var 107 dagar og meðalbiðtími 146 dagar.

Mat embættis landlæknis: Eftir stöðuga fjölgun á biðlista á höfuðborgarsvæðinu virðist toppnum hafa verið náð sem stendur. Hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými jókst mikið frá árinu 2014 og miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið rými það sem af er ári er hátt. Á árinu hafa ný hjúkrunarrými verið opnuð í umdæminu og áætlað er að opna fleiri. Þegar árið 2019 verður gert upp í heild verður betur hægt að sjá áhrif þess á aðgengi að varanlegri dvöl í hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.


⁴ Færni- og heilsumatsskrá er lifandi grunnur. Tölur merktar 2019* miðast við stöðu í gagnagrunni 12. ágúst 2019.

Suðurnes



Tæp 6% eldri borgara (67 ára og eldri) á Íslandi bjuggu á Suðurnesjum árið 2018. Í [Lýðheilsuvísun](#) má sjá að Suðurnesjabúum fjölgaði um 13,3% frá 2014 til 2018 á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 7,2%. Hlutfall íbúa sem hafa náð 80 ára aldri var lægst í umdæminu árið 2018 samanborið við önnur heilbrigðisumdæmi.


Í árslok 2018 voru 110 almenn hjúkrunarrými í umdæminu, eða 178 rými á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri. Það hlutfall var hvergi lægra á landinu (mynd C). Flestir biðu eftir varanlegu hjúkrunarrými árið 2015 en þeim fækkaði umtalsvert árið 2017.




Mjög hátt hlutfall fólks sem fékk hjúkrunarrými á Suðurnesjum á árunum 2015 og 2016 beið lengur en 90 daga. Frá árinu 2017, þegar fækkað hafði mikið á biðlistum miðað við árin á undan, hefur hlutfallið hins vegar verið svipað og á landsvísu. Það sem af er ári hafa 26 einstaklingar fengið hjúkrunarrými, 12 biðu lengur en 90 daga en miðgildi biðtíma var 58 dagar.

Mat embættis landlæknis: Miðgildi biðtíma þeirra sem hafa fengið hjúkrunarrými á Suðurnesjum hefur lækkað verulega á undanförunum árum. Svipað hlutfall einstaklinga á Suðurnesjum og á landsvísu beið lengur en 90 daga eftir rými á síðustu árum en fjöldi hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa er lægst í umdæminu. Ný rými í umdæminu eru á framkvæmdaáætlun til 2023 en ekki hefur verið áætlað hvenær þau opna. Mikil mannfjöldaaukning hefur orðið á svæðinu á síðustu 5 árum. Þótt mest hafi fjölgað í hópi ungs fólks fjölgaði íbúum sem náð höfðu 70 ára aldri um 18% frá 2014 til 2018. Þörf fyrir hjúkrunarrými getur því átt eftir að aukast töluvert í umdæminu á komandi árum.

Vesturland




Um 5,5% eldri borgara bjuggu á Vesturlandi árið 2018. Í [lýðheilsuvísun](#) sést að [80 ára og eldri](#) voru 4,1% af íbúum á Vesturlandi árið 2018 en hlutfallið var 3,5% á landsvísu. Íbúum í umdæminu fjölgaði um 4,8% á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 7,2%. Í árslok 2018 voru 213 almenn hjúkrunarrými í umdæminu og var hlutfall hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa með því hæsta á landsvísu (mynd C). Árið 2018 var meðalfjöldi á biðlista nokkuð meiri á Vesturlandi en árin á undan og hefur biðlisti haldið áfram að lengjast það sem af er árinu 2019.




Hlutfall fólks sem þurfti að bíða lengur en 90 daga eftir hjúkrunarrými hefur verið nálægt eða undir landsmeðaltali á síðustu árum. Það sem af er ári hafa 35 fengið varanlegt hjúkrunarrými í umdæminu, miðgildi biðtíma var 52 dagar en meðaltal 89 dagar.

Mat embættis landlæknis: Aðgengi að hjúkrunarrýmum á Vesturlandi virðist betra en víða annars staðar á landinu, lægra hlutfall beið lengur en 90 daga eftir rými þar en á landinu öllu á síðustu misserum. Vert er að gefa því gaum að biðlistar hafa lengst umtalsvert frá árinu 2017 og því þarf að fylgjast vel með biðtíma.

Vestfirðir




Í árslok 2018 voru 57 almenn hjúkrunarrými í umdæminu. Hlutfall rýma á hverja 1.000 eldri borgara var nálægt landsmeðaltali.



Vestfirðir eru minnsta heilbrigðisumdæmið, þar bjuggu innan við 2% landsmanna sem náð höfðu 67 ára aldri árið 2018. Í litlu umdæmi er erfitt að túlka tölur þar sem einstaklingar eru fáir og tölur geta sveiflast mikið. Hlutfall fólks sem beið meira en 90 daga eftir rými var svipað og á landsvísu árið 2018. Það sem af er ári hafa 11 fengið hjúkrunarrými og biðu 8 þeirra lengur en 90 daga.


Mat embættis landlæknis: Hlutfall sem beið lengur en 90 daga hefur verið svipað og á landsvísu á síðustu árum. Ekki er hægt að túlka mjög ítarlega tölur fyrir þá 11 sem hafa fengið hjúkrunarrými það sem af er ári en veita þarf því athygli að hlutfallslega margir þeirra sem fengu úthlutun á fyrri hluta ársins 2019 biðu lengur en 90 daga.

Norðurland



Í árslok 2018 voru 385 almenn hjúkrunarrými í umdæminu, eða 245 á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri. Í [Lýðheilsuvísunum](#) má sjá að hlutfall íbúa sem náð höfðu 80 ára aldri var hæst á Norðurlandi árið 2018, 4,3% samanborið við 3,5% á landsvísu og á höfuðborgarsvæðinu.


Meðalfjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrými á Norðurlandi jókst nokkuð frá 2014 til 2017 en stóð svo í stað á milli ára. Það sem af er ári hafa heldur færri verið á biðlista að meðaltali en undanfarin 2 ár.



Ríflega 12% landsmanna sem náð höfðu 67 ára aldri bjuggu á Norðurlandi árið 2018. Samanborið við hlutfall þeirra sem fengu varanlegt hjúkrunarrými á landsvísu beið hærra hlutfall Norðlendinga lengur en 90 daga á árunum 2017 og 2018. Miðgildi biðtíma var 120 dagar hjá þeim sem fengu rými árið 2018 og meðalbiðtími 202 dagar. Það sem af er árinu 2019 hafa 88 fengið hjúkrunarrými. Miðgildi biðtíma þeirra er 75 dagar.


Mat embættis landlæknis: Eins og sjá má á mynd C var miðgildi biðtíma þeirra sem fengu varanlegt hjúkrunarrými á árinu 2018 hæst á Norðurlandi, 120 dagar, þrátt fyrir að fjöldi rýma væri hlutfallslega svipaður eða meiri en í mörgum heilbrigðisumdæmum. Ekki er ljóst af hverju þessi munur stafar. Það sem af er ári hefur miðgildi biðtíma verið töluvert lægra. Fyrirhugað er að opna nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík árið 2021 en opnun rýma á Akureyri samkvæmt framkvæmdaáætlun til 2023 hefur ekki verið tímasett.

Austurland



Í árslok 2018 voru 109 almenn hjúkrunarrými í heilbrigðisumdæminu sem var með því hæsta á landsvísu miðað við íbúafjölda. Rúm 3% eldri borgara á Íslandi þjuggu á Austurlandi árið 2018. [Hlutfall](#) íbúa sem náð höfðu 80 ára aldri var það sama og á landsvísu.


Frá árinu 2016 hefur fjöldi á biðlista verið nokkuð svipaður.



Það sem af er árinu 2019 hafa 20 einstaklingar fengið hjúkrunarrými á Austurlandi. Miðgildi biðtíma þeirra var 31 dagur og meðalbiðtími 88 dagar. Hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga eftir rými hefur verið undir landsmeðaltali á síðustu árum.


Mat embættis landlæknis: Aðgengi að varanlegu hjúkrunarrými á Austurlandi virðist betra en víða annars staðar á landinu.

Suðurland



Í árslok 2018 voru 249 almenn hjúkrunarrými á Suðurlandi eða 234/1.000 íbúa 80 ára og eldri og 62/1.000 íbúa 67 ára og eldri. Á Suðurlandi bjuggu um 9% landsmanna sem náð höfðu 67 ára aldri árið 2018. Í [Lýðheilsuvísunum](#) má sjá að íbúum á Suðurlandi fjölgaði um 10,9% frá 2014 til 2018 á sama tíma og landsmönnum fjölgaði um 7,2%. Þar má jafnframt sjá að íbúar sem náð höfðu 80 ára aldri árið 2018 voru 3,6% af Sunnlendingum sem er svipað hlutfall og á landsvísu.

Meðalfjöldi á biðlista hefur haldist nokkuð svipaður á síðustu 5 árum.



Miðgildi biðtíma var lægst á Suðurlandi árið 2018. Af þeim sem fengu hjúkrunarrými það ár var helmingur kominn með rými eftir 53 daga á biðlista. Meðalbiðtími var 84 dagar. Hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga hefur verið undir landsmeðaltali á síðustu árum. Það sem af er árinu 2019 hafa 28 einstaklingar fengið hjúkrunarrými. Helmingur þeirra hafði fengið úthlutun eftir 29 daga á biðlista en meðalbiðtími var 82 dagar.

Mat embættis landlæknis: Aðgengi að hjúkrunarrými á Suðurlandi er betra en víðast hvar. Biðtími þeirra sem fengu úthlutun árið 2018 var umtalsvert styttri en í öðrum umdæmum og hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga hefur verið mun lægra það sem af er ári á Suðurlandi en á landinu öllu. Íbúum sem náð höfðu 70 ára aldri fjölgaði um 16% í umdæminu frá 2014 til 2018. Þörf fyrir hjúkrunarrými gæti því aukist á komandi árum en áætlað er að 60 rými opni í Árborg í lok næsta árs.

Heimild: Embætti landlæknis, heilbrigðisupplýsingasvið. Færni- og heilsumatsskrá

Grunnurinn er „lifandi“, þ.e. breytist dag frá degi. Unnið var með gögn sem voru uppfærð 12.08.2019. Í þessari samantekt er miðað við að einstaklingur sé kominn á biðlista þegar ósk um hjúkrunarrými hefur verið skráð.

Vinnsluaðilar: AG og KJ